

Kanon arkitektar ehf
Helga Bragadóttir
Laugavegi 28
101 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 7. október 2008

Tilvísun: UST20080700064/ksj

Aðalskipulag Reykjanesbæjar 2006 – 2021 Drög.

Vísað er til erindis Kanon arkitekta er barst Umhverfisstofnun þann 8. júlí sl. þar sem óskað er eftir umsögn um drög að Aðalskipulagi Reykjanesbæjar. Erindinu fylgja greinargerð og umhverfisskýrsla.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við drögin.

Greinargerð

Umhverfisstofnun tekur undir áætlanir um endurheimt vistkerfa og stefnumörkun um notkun innlendra plöntutegunda við framkvæmdina.

Þjónustukerfi

Í umfjöllun um rafveitu kemur fram að gert er ráð fyrir ákveðnum flutningssvæðum raforku.

Um er að ræða

- 5 x 220 kV jarðstrengir frá Fitjum að Helguvík

- 2 x 132 kV jarðstrengir frá Fitjum að svæði A4

- Suðurnesjalína

- 220 kV jarðstrengur frá virkjun að Sýrfelli. Þaðan er gert ráð fyrir 220 kV háspennulínu í landi Grindavíkur að tengivirki við Njarðvíkurheiði

- 2 x 220 kV línur og 1 x 132 kV lína frá tengivirki á Njarðvíkurheiði að Fitjum

Umhverfisstofnun gerir athugasemd við að ekki eru talin verða umhverfisáhrif af nýjum háspennulínum í Reykjanesbæ. Lagning raflína í jörð orsakar rask sem hefur umhverfisáhrif. Háspennulínur sem lagðar eru sem loflínur kunna einnig að hafa mikil áhrif sérstaklega sjónræn umhverfisáhrif.

Í yfirliti yfir helstu umhverfisáhrif skipulags þjónustukerfa er sögð óvissa um áhrif bílaumferðar á loftgæði. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að áætla áhrifin þó gróflega sé. Rafknúin lest gæti breytt áhrifum á loftgæði af umferð á jákvæðan hátt þar sem ekki er um losun frá jarðefnaeldsneyti að ræða.

Einnig þyrfti að áætla hljóðvist við helstu umferðargötur og flugvöll, svo hægt sé að meta

umhverfisáhrif á hljóðvist.

Atvinna

Í umfjöllun um ný iðnaðarsvæði kemur fram að gert er ráð fyrir að byggja nýtt tengivirki norðan við Rauðamel á Njarðvíkurheiði. Einnig kemur fram að iðnaðarsvæðið fyrir tengivirkið er af óákveðinni stærð og verður á vatnsverndarsvæði. Ekki kemur fram hvort um er að ræða brunnsvæði, grannsvæði eða fjarsvæði vatnsból. Samkvæmt reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 lista 1 í viðauka eru m.a. jarðolíur efni sem ekki má meðhöndla á vatnsverndarsvæði. Sjá einnig lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Í umfjöllun um efnistökusvæði í Reykjanesbæ kemur fram að efnispörf vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar sé um 2,2 milljónir m³. Einnig kemur fram að efnislosun vegna uppbyggingarinnar sé um 2,0 milljónir m³. Alls eru talin upp 4 efnistökusvæði. Sjá umfjöllun um efnistökusvæði undir auðlindir hér fyrir neðan.

Byggð

Í umfjöllun um þéttbýli kemur fram að víða eru möguleikar á þéttingu byggðar og að fyrrum atvinnusvæði sem ekki þjóna lengur tilgangi sínum verði endurskipulögð til íbúðarbyggðar. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fram komi í skipulagstillögunni að þess verði gætt þegar fyrrum atvinnusvæði er skipulagt sem íbúðarbyggð að skimað verði eftir jarðvegsmengun og framkvæmd jarðvegsskipti ef um slíkt er að ræða.

Drög að umhverfisskýrslu

Náttúruauðlindir

Í umhverfisskýrslu kemur fram að Rauðimelur, Súlur og Stapafell eru skilgreind sem eitt efnistökusvæði. Einnig kemur fram að einungis er verið að nýta að hluta til efnistökusvæðið í heild sinni. Síðan segir: „*Nauðsynlegt er að gera áætlun um væntanlega efnistöku þar sem m. a. er gerð grein fyrir magni og gerð efnis, vinnslutíma og frágangi á efnistökusvæði í samræmi við IV. Bráðabirgðaákvæði og 48. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999.*“ Í umfjöllun um efnistökusvæði í Reykjanesbæ kemur fram að efnispörf vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar sé um 2,2 milljónir m³. Einnig kemur fram að efnislosun vegna uppbyggingarinnar sé um 2,0 milljónir m³. Alls eru talin upp 4 efnistökusvæði. Umhverfisstofnun telur að fram eigi að koma áætlað magn efnistöku í hverri námu fyrir sig og einnig upplýsingar um lengd efnistöku og áætlaðan frágang. Umhverfisstofnun tekur undir nauðsyn slíkrar áætlunar um öll efnistökusvæði í Reykjanesbæ. Umhverfisstofnun vekur athygli á að engin tafla er yfir umhverfis áhrif efnistökusvæða í sveitarfélaginu.

Í umfjöllun um námasvæði kemur fram að mikill utanvegarakstur sé stundaður við Rauðamel, einkum á mótörhjólum og að æskilegt sé að takmarka hann eða koma á skipulögðum aksturssvæðum. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að í aðalskipulagi sé tekið á slíku og fundinn staður fyrir mótorsport svo röskun verði ekki á viðkvæmum eða að öðru leyti dýrmætum svæðum. Í niðurstöðu mats er varða náttúruauðlindir gerir Umhverfisstofnun aftur athugasemd við að umhverfisáhrif af lagningu raflína sé 0 eða engin. Rask við leggja raflínur í jörðu eru umhverfisáhrif. Lagning raflína í núverandi stæði hefur umhverfisáhrif, ef vel tekst til eru áhrifin þau sömu og af eldri lögn.

Samfélag


Aðgengi, hljóðvist og loft


Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að nýrri íbúðabyggð sé ekki beint inn fyrir skilgreind hávaðalínnumörk vegna flugumferðar. Umhverfisstofnun telur það lykilatriði þegar um nýtt skipulag er að ræða að fjarlægðir séu virtar svo ekki þurfi að koma til mótvægisáðgerða í formi t. d. hljóðmana. Sama gildir um loftmengun, mikilvægt er að umferðaspár séu sem gleggstar svo ekki verði byggt of nálægt mengunaruppsprettum.

Eftirfylgni

Hvað varðar þá óvissuþætti sem fjallað er um í umhverfisskýrslunni og snerta uppbyggingu atvinnusvæða og mögulega aukinni bílaumferð að þeim svæðum, telur Umhverfisstofnun mjög mikilvægt að áætlun um vöktun á mengun á íbúðasvæðum nærri mengunaruppsprettum verði komið á er uppbygging hefst og vöktun á loftmengun verði frá upphafi uppbyggingar. Einnig er mikilvægt að ný íbúðarbyggð verði ekki byggt upp nálægt mengunaruppsprettum.

Virðingarfyllt


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur


Ólafur A. Jónsson

Skipulagsstofnun